

IX.

9

Gjöf Jóns Sigurðssonar til Vallnahrepps fardagaárið 1877—78.

Tekjur.

| | | | |
|--|---------|------|------|
| 1. Sjóður í fardögum 1877: | | | |
| a. Jörðin Ytri Villingadalur 14,0 hundruð, virt á . . . | 990 kr. | » a. | |
| b. — Merkigil 14,0 — — — . . . | 1000 — | » - | |
| c. — ½ Gloppa 5,75 — — — . . . | 320 — | » - | 2310 |
| 2. Leigur haustið 1877 eptir 4¼ kúgildi reiknaðar eptir verðlagsskránni 1877—78: | | | |
| 85 meðalálnir á 54 aura | 45 | 90 | |
| 3. Landskuldir til fardaga 1878 reiknaðar eptir verðlagsskránni 1878—79: | | | |
| 194 meðalálnir á 54 aura | 104 | 76 | |
| | Samtals | 2460 | 66 |

Gjöld.

| | | |
|---|---------|---------|
| 1. Umboðslaun 1/6 jarðargjaldanna | 25 | 11 |
| 2. Borgað til Vallnahreppsátækra sjóðs | 125 | 55 |
| 3. Sjóður í fardögum 1878 eptir 1. tekjugrein | 2310 | » |
| | Samtals | 2460 66 |

X.

10

Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðar-sýslu og Akureyrarkaupstað árið 1878.

Tekjur.

| | | | |
|--|----------|------|---------|
| 1. Sjóður við árslok 1877: | | | |
| a. Í konunglegum skuldabréfum með 4% vöxtum . . . | 1288 kr. | 45 ½ | |
| b. — — — — — 3½% — . . . | 564 — | 22 ½ | |
| c. — — — — — 3% — . . . | 200 — | » | |
| d. — peningum | 120 — | 97 | 2173 65 |
| 2. Vextir af innstæðunni til 11. júní 1878 | 77 | 29 | |
| Gjafahirzlan hefir ekki verið opnuð árið 1878. | | | |
| | Samtals | 2250 | 94 |

Gjöld.

| | | |
|--|----------|---------|
| 1. Styrkur veittur 4 ekkjum | 70 | » |
| 2. Sjóður við árslok 1878: | | |
| a. Í konunglegum skuldabréfum eptir tekjugr. a—c . . . | 2052 kr. | 68 a. |
| b. — peningum | 128 — | 26 - |
| | Samtals | 2250 94 |

XI.

11

Gjald til búnaðarskóla í norður- og austurumdæminu 1878.

Tekjur.

| |
|----------------------------|
| 1. Sjóður við árslok 1877: |
|----------------------------|

| | | | | |
|----|---|------------|---------|---------|
| a. | Lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum . . . | 5900 kr. | » a. | |
| b. | Í peningum | 376 — 54 — | 6276 | 54 |
| 2. | Endurborgað af lánnum einstakra manna ¹⁸ / ₆ 78 | | 100 | » |
| 3. | Vextir til 11. júní 1878: | | | |
| a. | af sjóðnum 1. a. í fyrra árs reikningi 405 kr. . . | 162 — | » - | |
| b. | — því, sem lánað er á árinu 1877 1850 kr. . . | 64 — 53 — | 226 | 53 |
| 4. | Búnaðarskólagjald vorið 1878: | | | |
| a. | af Húnavatnssýslu | 225 — 29 — | | |
| b. | — Skagafjarðarsýslu | 239 — 62 — | | |
| c. | — Eyjafjarðarsýslu | 247 — 31 — | | |
| d. | — Þingeyjarsýslu | 219 — 77 — | | |
| e. | — Norðurmúlasýslu | 128 — 37 — | | |
| f. | — Suðurmúlasýslu | 120 — 81 — | 1181 | 17 |
| | | | Samtals | 7784 24 |

Gjöld.

Kr. A.

| | | | |
|----|--|------------|-----------------|
| 1. | Hjer færirst til jafnaðar endurborgað lán sjá tekjugrein 2 | 100 | » |
| 2. | Sjóður við árslok 1878: | | |
| a. | lánað mót veði í fasteign og 4 % vöxtum | 5800 kr. | » a. |
| b. | lánað á árinu 1878: | | |
| | Kristjáni Hall á Borðeyri ¹ / ₃ 78 | 200 kr. | |
| | Tryggva Ólafssyni á Gilsá ¹⁵ / ₇ 78 | 200 — | |
| | Magnúsi Jónssyni gullsmið á Akureyri ¹⁹ / ₈ 78 | 400 — | |
| | Ólafi Ólafssyni á Minniökrum ¹¹ / ₉ 78 | 400 — | 1200 — |
| c. | Í peningum | 684 — 24 — | 7684 24 |
| | | | Samtals 7784 24 |

EMBÆTTASKIPUN.

2. dag febrúarmánaður skipaði landshöfðingi prestinn að Hjaltabakka sira Pál Sigurðsson til þess að vera prest Gaulverjabæjar og Villingaholts safnaða í Arnes prófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI

a, er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

1. Embættið sem fyrsti kennari og forstöðumaður við gagnfræðaskóla þann, er samkvæmt lögum frá 7. nóvbr. hefir verið byggður á Möðruvöllum í Hörgárdal. Embætti þessu, sem veitt verður frá 1. septbr. þ. á., eru lögð 3000 kr. árslaun og leigulaus bústaður í skólanum.

2. Embættið sem annar kennari við nefndan skóla þessu embætti, sem veitt verður frá 1. oktbr. þ. á. eru lögð 2000 kr. árslaun. Þess skal getið, að kennarinn mun geta fengið 2 herbergi til búðar í skólanum, gegn því að gjalda eptir þau leigu þá, er landshöfðingi ákveður.

Sóki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu samkvæmt konungsráskurðum 8. apríl 1844, 27. marz 1857 og 8. febrúar 1863.

Auglýst 12. janúar 1880.

Bónarbrjefin eiga að vera komin 25. maí 1880.

b, er landshöfðingi veitir.

Hjaltabakka prestakall í Húnavatns prófastsdæmi, metið 348 kr. 79 a., auglýst 4. febrúar.

Frá 1. október þ. á. mun verða settur kennari í dráttlist og verklegri búfræði við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, hefir hann að launum 800 kr. á ári og nýtur þess utan, meðan hann er kennari við skólann, afgjalds af heimajörðunni Möðruvöllum. Bónarbrjef eiga að vera komin fyrir júnímánaðarlok þ. á.